



Fundargerð

Fundur í stjórn Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Barmahlíðar
fimmtudaginn 10. desember 2015 kl. 15.30.

Fundarstaður: Fundarsalur í Stjórnsýsluhúsinu, Maríutröð 5a.

Mætt eru: Áslaug Berta Guttormsdóttir formaður, Karl Kristjánsson og Sandra Rún Björnsdóttir.

Einnig sátu fundinn Helga Garðarsdóttir hjúkrunarforstjóri og Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá

Mál til afgreiðslu:

1. 1512009 – Málefni Barmahlíðar.

Hjúkrunarforstjóri fór yfir árið með stjórninni, eitt ár er liðið frá því að Helga tók við starfi hjúkrunarforstjóra. Vel hefur gengið að manna rými á árinu og útlitið ágætt framundan. Nokkrar endurbætur hafa átt sér stað á árinu, einnig í formi gjafa til heimilisins.

2. 1511004 – Fjárhagsáætlun 2016-2019.

Farið yfir fjárhagsáætlun ársins. Hjúkrunarfræðingur gerði tillögu að smávægilegum breytingum varðandi færslu tekna í fjárhagsáætlun.

Þá kom hún með tillögur að lagfæringu á bílastæðum, gangstéttum og útgöngum frá öllum dyrum frá Barmahlíð. Sveitarstjóra falið að athuga með arkitekt vegna skýlis við norðurinngang.

Hjúkrunarforstjóra falið að gera tillögu að reglubundnum fundum stjórnar árið 2016.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin:

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 16.45.

_____	_____
_____	_____
_____	_____